# REGLUGERÐ FYRIR
# ÍSLANDSMÓT KVENNA Í TVÍMENNINGI

1. Spilaður er barómeter, 4 spil milli para, allir við alla, tvöföld umferð. Gefnar eru 30 mínútur á umferð. Pör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektuð, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.

2. Öll pör skulu framvísa kerfiskorti. Notkun PASS-KERFA er bönnuð. Nota skal viðvörunarregluna (ALERT) samkvæmt reglugerð BSÍ.

3. Nota skal STOP viðvörunina þegar stokkið er yfir sagnstig.

4. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.

5. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 15. mín frá lokum hverrar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 10.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.

6. Það par, sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum, telst sigurvegari í mótinu og hlýtur titilinn **ÍSLANDSMEISTARAR KVENNA Í TVÍMENNINGI**. Ef tvö eða fleiri pör verða jöfn í sömu sætum úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð BSÍ.

7. Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.

8. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.

9. Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð

10. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

| | |
|---|---|
| KEPPNISSTJÓRI | Er skipaður af stjórn BSÍ |
| DÓMNEFND: | Er skipuð af stjórn BSÍ |